

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og gilda til ársloka 1985.

6. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða komi:

### Ákvæði til bráðabirgða II.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81/1976, með áorðnum breytingum, skulu botnvörpuveiðar heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1983) orðist svo:

Tekjur samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa staflidar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánudum sínum áður en hann lætur af störfum vegna aldurs. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 800 000 kr. enda hafi viðkomandi náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.

Réttur til frádráttar samkv. 1. málsg. kemur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.

Frádrátt samkv. 1. mgr. skal einnig veita vegna framteljanda sem fellur frá og hafði fyrir heimili að sjá og hafði ekki nýtt þessa frádráttarheimild áður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*